

10. júlí 1987

601

Nr. 315

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 129/1987 frá 30. mars 1987 um
innheimtu fóðurgjalda.

1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr töluliður er orðist svo:

3. Sérstakt grunngjald, sem skal vera fjórar krónur á hvert kg hinnar gjaldskyldu vöru.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Af fóðurbirgðum, sem eru í vörslu innflutningsaðila við gildistöku reglugerðar þessarar og falla undir 2. gr. reglugerðarinnar, skal innheimta gjöld skv. 3. tl. 1. gr. reglugerðarinnar. Innflutningsaðilar skulu veita nauðsynlega aðstoð við talningu á birgðum, en tollstjórar skulu staðreyna birgðauppgjör og annast innheimtu skv. 4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. júlí 1987.

Jón Helgason.

Jóhann Guðmundsson.